



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 15. febrúar 2024

Staðsetning fundar: Teams

Dagsetning: fim 15.2.2024 kl. 10:00

Mætt: Áróra, Íris, Alexandra, Sunna, Ragnar, Sirrý Fjarverandi: Olga, Anna

Fundarritari: Alexandra

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2023-2024:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Alexandra Kjeld (AK), ritari og varaformaður – EFLA - alk@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), gjaldkeri – Reginn – sunna@reginn.is
4. Ragnar Ómarsson (RÓ), meðstjórnandi– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – HMS – olga.arnadottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Verkefni og starf framundan

Líklegt að ráðinn verði sumarstarfsmaður, sennilega í hlutastarfi. Ræddur var framgangur rannsóknar- og þróunarverkefna, sbr. yfirlit af seinasta fundi.

2 vinnustofur framundan;

- 28. febrúar: Hringrásarfundur í Grósku, haldið í gegnum NNC.
- 6. mars, vinnustofa um opinber innkaup, haldið í samvinnu við Ríkiskaup.

Morgunfundur um timbur færður þangað til í maí.

Ekki verður unnt að halda vinnustofu á Wasteland sýningu – hringrásarhagkerfið NNCC – þar sem viðgerðir standa yfir í Norræna húsinu. Hringvangur geti boðið og GB gefinn kostur á að hittast. Ræddar verða hugmyndir að viðburðum fyrir aðila GB.

Hönnunarmars í kringum 20. apríl – skoðuð verður aðkoma GB.

Hádegisveffundur 15.2 um losunarlausu verkstaði – göt í þekkingu.

Rædd yfirstandandi verkefni þar sem verið er að endurbyggja í RVK, t.d. Grófarhúsið. Þar hafa verið sett nokkuð ströng skilyrði um endurnýtingu efna.

2. Undirbúningur fyrir aðalfund GB

Ræddur var aðalfundur. Búið er að taka frá miðvikudaginn 24. apríl (dagurinn fyrir sumardaginn fyrsta) í sal Verkís, salur frátekinn 12-17. Kosið verður í nýja stjórn. Kjósa verður einn til eins árs til að halda jafnvægi 3-4 (sæti HMS). Sæti til kjörs: Olga (eitt ár til kjörs), Ragnar (hefur setið þrjú tímabil og gengur úr stjórn), Alexandra (hefur setið 2 tímabil), Sirrý (hefur setið 2 tímabil) og Sunna (hefur setið eitt tímabil). Íris og Anna Sigga sitja áfram.



Tilnefningar hafa þegar borist um sæti í stjórn. Rædd var tilhögun kosninga og útfærsla fundar. Sent verður fundarboð og dagskrá uppfærð 2-4 vikum áður.

Vinna við ársreikning er hafin og vænt skil fyrir páska svo stjórn og frkv.stjóri geti rýnt.

Fundinn verður fundarstjóri fyrir fundinn. Alexandra verður fundarritari. Frkv.stjóri hefur samband við skoðunarmenn reikninga.

Frkv.stjóri og formaður vinna saman skýrslu stjórnar.

Næsti fundur verður nýttur í að renna yfir starfsáætlun, unnin m.a. úr markáætlun. Næsti stjórnarfundur boðaður 11. mars, haldinn hjá EFLU. Undirbúningsfundur fyrir aðalfund 8. apríl.

Fleira var ekki gert, fundi slitið 11:00.